


# MONITOR




FRÍTT  
EINTAK

# 66°N



66°N húfa	5.800 kr.
Bylur peysa	28.800 kr.
66°NORÐUR sjópoki	13.000 kr.
Dickies Cargo buxur	12.500 kr.
Dickies skór	15.800 kr.

Gimsteina og perlur, gullsveig um enni, sendi ég henni ef ég nenni.



JÓN STÓRI BÝR SIG UNDIR AÐ KASTA HÖFUNDINUM Í LJÓSMYNDARA MONITOR

MYNDSKEIÐ Á MBL.IS

## Átti 2-3 ár eftir ólifuð

Jón Stóri segir líf sitt ekki bara tjútt og gaman og segist vera hrikalega óskynsamur. Hann er aðalpersónan í nýútkominni bók, **Jóns sögu Stóra**.

„Maður verður að hafa húmor fyrir sjálfum sér. Annars er ekkert gaman að þessu,” segir Jón Hilmar Hallgrímsson, betur þekktur sem Jón Stóri. Hann er aðalpersónan í ádeilubókinni Jóns saga Stóra sem Helgi Jean Claessen gaf út á dögunum. „Helgi spurði hvort það væri í lagi að hann gerði grínsögu um mig. Ég sagði: „Já, svo lengi sem hún er fyndin,” segir Jón og hlær. Um tilurð bókarinnar segir Helgi: „Ég sá Jón í ræktinni skömmu eftir að öll fjölmiðlaumfjöllunin var um hann í haust. Ég vissi að það var mikill áhugi á honum og fólk vildi vita meira um hann. Ég hugsaði með mér að það væri skemmtilegt að setja hann upp sem svipaðan karakter og Jón Hreggviðsson úr Íslandsklukkunni.“ Bókin er skáldsaga byggð á raun-

verulegum atburðum í lífi Jóns og kveðst Helgi hafa viljað svara „öllu því sem fólk vildi vita um Jón Stóra en þorði ekki að spyrja hann að.“  
**„Hversu heimskur er ég?“**  
 Aftast í bókinni, eftir að skáld-sögunni lýkur, er viðtal við Jón þar sem hann talar opinskátt um líf sitt og reynslu af hörðum heimi fíkniefna. „Ég er ekki þekktur fyrir að liggja á hlutunum og er vanur að láta allt flakka,” segir Jón. „Ég dúndraði líka smá forvörnum í þetta líka. Ég vildi sýna að þetta líferni er ekki bara eitthvað tjútt, bros og gaman,” segir Jón.  
 Jón segir meðal annars frá því í viðtalinu þegar hann ákvað að taka saman kosti og galla þess að vera í kókaínneyslu. „Ég var búinn að vera að sjúga svolítið lengi

þegar ég ákvað að setjast niður og skrifa kosti og galla þess að vera í kókaínneyslu. Ég fann þrjá kosti en sautján galla. Ég horfði á blaðið og hugsaði með mér: „Hversu heimskur er ég?“ segir Jón og bætir við: „Ég komst að þeirri niðurstöðu að ég væri alveg hrikalega óskynsamur og fékk mér í nefið.“  
**Of mikið kókaín og sterar**  
 Jón talar einnig um það þegar hann var lagður inn á sjúkrahús vegna hjartsláttartruflana um jólin 2007. „Læknirinn sagði að hjartað væri búið að stækka af því ég væri búinn að taka of mikið af kókaíni og sterum. Mér þótti það nú ekkert tiltökumál enda búinn að dópa í 15 ár. Hann sagði að ef eitthvað „shit“ myndi koma upp og ég væri ekki á spítalanum þegar það gerðist væru

um 20% líkur á að ég myndi lifa af en 98% ef ég yrði lagður inn,” segir Jón. Hann ákvað hins vegar að fara heim og halda jólin með félögum sínum og þurfti að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að hann væri að yfirgefa spítalann gegn læknisráði.  
 „Læknirinn sagði að ég ætti tvö til þrjú ár eftir ólifuð ef ég myndi ekki fara að hægja á mér, en ef ég myndi gera það myndi stækkunin á hjartanu ganga til baka og ég yrði fullfrískur. Ég fór heim og hélt fimm daga partí. Eftir það fann ég að ég þurfti að hægja á mér,” segir Jón og kveðst hafa gert það. „Ég var edru í hálf ár. Ég ætla ekki að neita því að maður stelst stundum, en maður er að rembast við að vera þægur. Ég er allavega enþá lifandi þó að það sé að verða komið árið

## Monitor mælir með

**SPILARANN** Þættirnir um hinn kaldrifjaða Dexter standa alltaf fyrir sínu en fimmta og nýjasta serían slær öllum hinum við. Þeir sem hafa ekki enn kynnst snillingnum Dexter ættu umsvifa-laust að tryggja sér allar seríurnar, koma sér vel fyrir í stofunni heima og leggjast yfir þessa frábæru þætti um jólin.



**MALLAKÚTINN** Veitingastaðurinn Vínhúsið kemur skemmtilega á óvart en hann opnaði nýverið á Klapparstígnum. Verðið er svo sannarlega til að hrópa húrta fyrir og ættu allir að fá sér mögulega ódýrustu steikina í bænum.



## Vikan á...

### facebook

**Ingólfur Þórarinnsson** er staddur á pöbb á tenerife. Og adallagid hér er macaraena. Þarf ég að bæta við tennan status?  
 15. desember kl. 02:10

**Bórhallur Þórhalls** Ég vildi óska að statusinn minn myndi birtast í Monitor. Þá væri ég merkilegur.  
 14. desember kl. 14:42

**Haffi Haff** I just want to make one thing VERY CLEAR for everyone. No matter what I wear, or do... I will NEVER, LOOK STRAIGHT. That which will follow, is also the fact that I will never BE STRAIGHT. Im a GAY MAN... so I will always, look GAY. Doesn't matter how short you cut my hair, or how many suits you put me in. I don't want to look, or BE anything that Im not. Please allow me that. Thank you. Love you.  
 13. desember kl. 12:54

**Jónína Ben** - Vertu ekki svo upptekinn af eigin vegferð, að þú gleymir að staldra við og aðstoða aðra á leiðinni - Ég vaknaði í nótt og skrifaði mögnuðustu grein sem að ég hef á ævinni skrifað. Ætla að geyma hana í nokkra daga áður en ég sendi hana frá mér. Þegar maðurinn minn heyrði hana sagði hann bara „Vá“ og svo „nú veit ég af hverju ég giftist þér“.  
 13. desember kl. 09:48

**Egill Einarsson** Ég ætla innilega að vona að Kolb In The Wild hætti ALDREI!!  
 11. desember kl. 12:05

## Feitast í blaðinu

- Bestu tölvuleikir ársins** að mati Óla Jóels og Monitor. Og þeir verstu að sjálfsgöðu líka. >>4
- Karen Knútsdóttir** er á uppleið. Hún er Tiger Woods kvenna-handboltans. >>6
- Freyja Haraldsdóttir** lætur ekki vorkenna sér. Hún er í stórskemmtilegu viðtali. >>8
- Stíllinn** spjallar við Ýr Þrastardóttur sem var að byrja með nýja fatalínu. >>12
- Ásgeir Kolbeinsson** langaði einu sinni að verða læknir. Hann þreytir Lokaprófið. >>14

## Efst í huga Monitor

### Ert þú jólasveinninn?

Flest lendum við í því einhvern tímann á lífsleiðinni að halda að við séum jólasveinninn. Þetta sjálfspróf hjálpar þér að komast að því hvort óttinn er ástæðulaus.

- Ertu með hreindýr á heimilinu?
- Býrðu á svæði þar sem ekki er mögulegt að ná síma- eða netsambandi?
- Ertu með yfir 50 í fituprósentu?
- Endar nafnið þitt á -sníkir, -sleikir eða -gaur?
- Þegar þú rakar þig, ertu komin/n aftur með rót áður en þú ert búin/n að leggja frá þér sköfuna?
- Klæðist þú ávallt rauðum fötum?

### Teldu hversu mörgum spurningum þú svaraðir játandi

- 0-2 já Það eru engar líkur á að þú sért jólasveinninn.
- 3-4 já Þú ert vafalaust ekki jólasveinninn, en líklegt er að þú þjáist af andlegum og líkamlegum kvillum og ættir þú að íhuga að leita aðstoðar vegna þeirra.
- 5-6 já Til hamingju! Þú ert jólasveinninn.



HREINDÝRAHALD ER ALGENT Á NORÐURPÓLNUM

# Tölvuleikir ársins



Það hefur verið nóg um að vera í tölvuheimum á árinu. Ólafur Þór Jónsson tók saman bestu tölvuleiki ársins og skoðaði líka hverjir drulluðu upp á bak.

## 10 bestu leikirnir

### 1 Super Mario Galaxy 2

Wii

Mario kvikindið þeyst hér um heima og geima í flottum þrívíddar platformleik sem fékk eina bestu dóma ársins.



### 2 Red Dead Redemption

PS3 360

John Marston er einhver harðasta hetja villta vestursins og lætur óþokka af öllum gerðum finna fyrir því í þessum nýjasta leik Rockstar fyrirtækisins.



### 3 Mass Effect 2

360 PC

Hið stórbrotna geimævintýri heldur hér áfram í þessum grjótharða skot- og hlutverkaleik frá Bioware.



### 4 StarCraft II

PC Mac

Eftir margra ára bið lét þessi sjá sig á árinu við mikinn fögnuð aðdáenda, en leikurinn hlaut frábæra dóma og er einn vinsælasti herkænsku-leikur ársins.



### 5 God of War III

PS3

Kratos er einhver harðasta tölvuleikjapersona allra tíma enda borðar hann menn og dýr í morgunmat. Klárlega einn stærsti og flottasti leikur ársins 2010 í flokki hasarleikja.



### 6 Halo Reach

360

Halo-serían átti sinn svanasöng á árinu 2010 með Halo Reach og því líkur söngur, því samkvæmt flestum gagnrýnendum er hér á ferðinni einn af skotleikjum ársins.



### 7 Assassins Creed Brotherhood

PS3 360 PC


Leigumorðinginn Ezio læðist hér um og myrðir eins og honum einum er lagið. Stór og flottur hasarleikur þar sem Rómaborg er í aðalhlutverki.



### 8 Need for Speed Hot Pursuit

PS3 360 Wii PC

Bílaleikur með eistu. Hraði, hasar og enn meiri hraði. Hér fara framleiðendur Burnout-leikjanna alla leið og sýna hvað þeir geta gert þegar þeir fá almennilega seríu í hendurnar.



### 9 Call of Duty Black Ops

PS3 360 Wii PC NDS

Einhver söluhæsti tölvuleikur allra tíma. Hér er á ferðinni nýjasti leikurinn í Call of Duty-seríunni og að þessu sinni eru leikmenn að vafra um allan heim á tímum kalda stríðsins.




### 10 FIFA 11

PS2 PS3 360 Wii

PC PSP NDS

Knattspyrman hefur sjaldan eða aldrei litið jafnvel út og í FIFA 11, en þessi sería er að skeina öllum öðrum fótbolta-tölvuleikjum svo um munar.



## 5 verstu leikirnir

### Prison Break: The Conspiracy

PS3 360

Var það bréfdúfa sem kom þessari hugmynd á framfæri? Allavega eru menn nokkrum árum of seinir með leik byggðan á þessum sjónvarpsþáttum. Leikur sem er gjörseiddur öllu.



### Kung Fu Rider

PS3

Leikmenn fara í hlutverk skrifstofumanns sem keyrir um á skrifborðsstól á flotta undan maffunni í Hong Kong. Þarf að segja meira?



### Iron Man 2

PC PS3 360 PSP NDS Wii

Tökum hina stórgóðu Iron Man 2 mynd og eyðileggjum hana með tölvuleiknum. Frábær hugmynd... eða ekki.



### Clash of the Titans

PS3 360

Ef ykkur fannst myndin slæm, spilið þá leikinn. Hefur álíka skemmtana-gildi og að saga af sér hendina með bitlausum hníf



### Naughty Bear

PS3 360

„Ég veit, búum til leik um morðóðan bangsa sem drepur alla.“ Þeir sem sátu fundinn þar sem þessi hugmynd kom fram hafa allir verið reknir... af yfirborði jarðar.



# BT Jólagjafirnar eru ekkert vesen í ár!

**20% afsláttur**

af öllum leikföngum, spilum og púslum  
leikföng aðeins í BT Skeifunni

Ljósmynda og filmuskanni  
Skannar ljósmyndir, slides eða filmur beint á tölvuna



•17.999

•9.999

4000 kr. verðlækkun

Ion Deskrocker tölvuhátalarar  
Gott útlit - Góður hljómur!

•9.999

ert þú litli trommuleikarinn?



•59.999

Váxtalausar  
ráðgreiðslur  
til allt að 9 mánuða

•25.999

Fender  
gítarpakki



2 litir

Fender CD 60 kassagítar  
Stíllitæki og axlaról  
Kennsluefni á DVD  
Aukastrengjasett og neglur



•4.999

Coby MP3 spilar  
2GB - MP550



•12.999

•9.999

•8.999

Coby MP3 spilar  
2" skjár - FM útvarp - MP707



Samsung ES70 stafraen myndavél  
12.2 megapíxlar - Svört/rauð/sílfur/blá/bleik

•19.999

3000 kr. lækkun  
verð aður 22.999

...spil

•4.799

•4.399

\*verð með 20% afslætti

•4.239



•23.999

Coby MP3/MP4 spilar  
2.8" widescreen skjár  
FM útvarp - MP615



•17.999

var að lenda

Snertiskjær

Coby MP3/MP4 spilar  
2.8" widescreen skjár  
FM útvarp - MP628



•22.999

Samsung PL100 stafraen myndavél  
12 megapíxlar - HD upptaka - 2 skjár



•16.999

Olympus X-940 stafraen myndavél  
14 megapíxlar - wide zoom

Olympus X-960 stafraen myndavél  
14 megapíxlar - wide zoom

•19.999

Samsung R530-JA06SE  
Skjár: 15.6"  
Örgjörvi: Intel Celeron T3300  
Vinnsluminni: 2GB  
Harður diskur: 250GB



•89.999

Party Alias  
fylgir öllum sjónvörpum  
og fartölvum um helgina!



•5.499



•89.999

32" LG LCD 320 1366x768 HD Ready



•129.999

Váxtalausar  
ráðgreiðslur  
til allt að 9 mánuða

Acer Aspire 5542-304G  
Skjár: 15.6"  
Örgjörvi: AMD Athlon II X2  
Vinnsluminni: 4GB  
Harður diskur: 320GB



•129.999

42" Samsung Plasma C455 - 1024x768 HD Ready

Opið til 22 alla daga

BT



## Karen Knútsdóttir

Landsliðskona í handknattleik sem stóð sig frábærlega á EM.

Aldur: 20 ára. Hjúskaparstaða: Á lausu. Uppruni: Árbærinn.

# Fær ekki að lemja stelpurnar

**Íslenska kvennalandsliðið í handbolta var að leika í fyrsta sinn á stórmóti. Ertu ánægð með árangurinn?**

Bæði og. Það var mjög leiðinlegt að komast ekki áfram, en þetta var mjög erfitt mót og margt sem við lærðum af þessu. Við gáfumst allavega aldrei upp. Við vorum margar ungar að keppa á þessu móti og getum byggt á þessu. Þetta fer allt í reynslubankann.

**Þú varst einna best í íslenska liðinu á mótinu. Ert þú vonarstjarna íslensks kvannahandbolta?**

Nei, ég ætla nú ekki að segja það. Við erum margar ungar og búnað að spila saman í unglíngalandsliðinu. Einhverjar eru komnar út og nú þurfum við hinar að komast út. Ég stefni á að komast út eftir þetta tímabil, annars næsta.

**Hvort ertu Diego Maradona eða Tiger Woods handboltans?**

Af þessum tveimur myndi ég segja að ég væri frekar Tiger Woods, fyrir utan kynlífsheyslin.

**Segðu okkur eitthvað skitugt leyndarmál úr landsliðinu.**

Þau eru of skitug til að tala um í fjölmiðlum. Ég yrði ekki valin aftur ef ég myndi gefa þau upp.

**Hvað er svona skemmtilegt við handbolta?**

Það er mikill og góður félagsskapur í kringum þetta. Það var mjög skemmtilegt úti enda er þetta frábær hópur. Svo er örugglega skemmtilegt fyrir varnarjaxlanna að fá að lemja á einhverjum. En ég er bara í sókninni þannig að ég fæ ekki að lemja, ég er bara lami.

**Ertu alltaf með gott harpix á þér?**

Já, ég nota frekar mikið harpix.

**En utan vallar? Er hægt að grípa allt ef maður er með harpix á sér?**

Aldrei utan vallar. Harpix er mjög pirrandi, þetta fer í öll fötin og hárið. En jú, ef þú átt í vandræðum með að halda á hlutum gæti harpix örugglega hjálpað þér eitthvað.

**Notar allt handboltafólk silver-gel í hárið?**

Að sjálfsgöðu! Er það ekki lögmál handboltans?

**Hvað gerir Karen Knútsdóttir utan vallar?**

Ég útskrifaðist úr Verzló í vor og byrjaði í verkfræði í haust en er hætt. Þetta átti ekki alveg við mig og svo var ég bara með hugann svo mikið við EM að ég gleymdi eiginlega að læra. En draumurinn er að komast út í atvinnumennsku, helst til Danmerkur og læra arkitektúr þar. Það væri gaman að geta tvinnað saman námið og handboltann.

**Hvar munum við sjá þig í framtíðinni?**

Vonandi í sjónvarpinu að spila handbolta á öllum EM og HM.

Mynd/Árni Sæberg

# FLICK MY LIFE VIKUNNAR



Tags: aðsend lol - vel gert b - auðvitað er þetta tommi á búllunni - 6m trefill herra borgarstjóri - passlega óþægilegt pláss hægra megin við styttuna -

Tags: aðsend lol - afhverju hef ég ekki átt samtali við ástþór eftir miðnætti? - besta afsökun ever - facebook melding - you got got -



Vitni óskast að skemmdarverki á grárrí Hondu. Billinn stóð á bílplaninu á Skipagötu móts við Alþýðuhúsið, föstudagskvöldið 19. nóv., kl. 20-00:45. Búið var að skakklappast eða rassakastast á húddinu. **Vitni vinsaml. hr. í s: eða Lögregluna á Ak. Kona án kaskó.**

Tags: aðsend lol - villimenn - það var annaðhvort skakklappast eða rassakastast - engin trygging í heiminum coverar rassakast - hann snappaði og tók rassakast



WWW.FLICKMYLIFE.COM



## Sjóðheitt í Rokki og rúllum

Tískubátturinn Rokk og rúllur hefur slegið í gegn á mbl.is og á meðal þeirra sem tiskugúrúinn Ásgeir Hjartarson hefur fengið til sín í þáttinn eru Haffi Haff, Erpur og Andrea Jónsdóttir. Næsti þáttur mun vafalaust vekja mikla athygli en fregnir Monitor herma að þá ætli Ásgeir að fá til sín módelin og divurnar Ásdís Rán og Ósk Norðfjörð. Monitor fékk ekki að vita hvað Ásgeir ætlar að gera með stúlkunum en það á víst að verða sjóðheitt og svaðalegt.

## Forn hljóðfæri og vélmenni

Tónlistarmaðurinn Úlfur Eldjárn gefur út sína fyrstu sólóplötu í fullri lengd föstudaginn 17. desember. Gripurinn ber nafnið Field Recordings:



Music from the Ether og er sjálfstætt afsprengi nokkurra norskra og íslenskra listamanna. Margir þekkja Úlf úr hljómsveitinni Apparat Organ Quartet sem gaf einmitt út plötuna Pólyfóníu fyrir stuttu og gerði allt vitlaust á útgáfutónleikum sínum. Meðlimir Apparatsins hjálpuðu einnig til við gerð sólóplötu Úlfs sem notast meðal annars við tölvustýrt tölvuvélmenni og dularfullan vélsöngvara á plötunni.



## Sin Fang gefur út sjö tommu

Listamaðurinn Sin Fang sendi nýverið frá sér sjö tommu smáskífuna Landslide / The Only iving Boy In New York. Sin Fang er hliðarverkefni Sindra Más Sigfússonar, gítarleikara Seabear, sem gaf frá breiðskífuna Clangour árið 2008. Smáskífan inniheldur ábreiðurnar Landslide sem Fleetwood Mac gaf upphaflega út og The Only Living Boy In New York með meistara Paul Simon.

# HASAR BASAR

Laugavegur 45 - 101 Reykjavík  
Sími: 551 8267

www.hasarbasar.is  
netverslun

**Fatnaður**  
fyrir dómur og herra.  
Bolí, peysur, úlpur, skyrtur, skór, húfur, belti og margt fleira.

**VANS "OFF THE WALL"**

**Skór!**

fyrir herra, dómur og börn  
frá Kr. 4.990 - 21.990

**Skó stærðir**  
frá númer 16-50

**Buxur**

frá Kr. 11.990 - 13.990



**V66 Slim**  
99% orlitað teygjanlegum bómul og 1% teygjanlegu efni.  
13.990.-

**Skyrtur**

frá Kr. 9.990 - 11.990



**AV Canyonero**  
Úr mjúkum 100% bómul.  
11.990.-

**Úlpur**

frá Kr. 18.990 - 24.990



**Derby - 70's jakki**  
85% náloni & 15% polyester.  
18.990.-

**Peysur**

frá Kr. 9.990 - 14.990



**Expanse Sherpa**  
80% bómul og 20% polyester.  
14.990.-

**Bolí**

frá Kr. 3.990 - 7.990



**OTW Chex**  
100% Bómul.  
5.990.-

**fylgihlutir**

**Vans Studded**  
6.990.-

**Mind Control**  
4.990.-

**Mt. Hood**  
Vatnskeldi. Úr 100% endingargoðu náloni.  
23.990.-

**Belmont**  
Úr firum 100% bómul.  
14.990.-

**Memoir**  
Úr 100% mjúkum bómul.  
6.990.-

Sjá opnunartíma á netinu.

# Beinbrotnað oftast en

**Freyja Haraldsdóttir** lítur ekki á skerðingu sína sem slæma. „Ég er þakklát fyrir mína skerðingu og finnst hún skemmtileg,” segir Freyja sem ræddi við **Monitor** um unglingsárin, barneignir, áreiti á djamminu og pólitík.

**Texti:** Sigyn Jónsdóttir  
**Myndir:** Ernir Eyjólfsson

sigyn@monitor.is  
ernir@mbl.is

Freyja Haraldsdóttir er framtakssöm ung kona. Hún hefur verið áberandi í skrifum sínum um málefni fatlaðs fólks, útskrifaðist með BA-gráðu í þroskaþjálfun í vor, auk þess sem hún var nýverið kjörin á Stjórnlagabing. Árið 2007 gaf Freyja út bókina Postulín ásamt Ölmu Guðmundsdóttur þar sem hún sagði frá lífi sínu og fötlun sinni en hún býr við skerðingu vegna beinstökkva.

„Vegna þess hve brothætt beinin eru hef ég ekki styrk í að standa, sem veldur hreyfihömlun og lágum líkamsvexti mínum,” útskýrir Freyja sem kys þó að líta ekki á skerðinguna sem slæman hlut. „Ég gleymi því oft í marga daga að ég sé með einhverja skerðingu og þannig vil ég hafa það.” Freyja er núna framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar sem berst fyrir því að fatlað fólk á Íslandi fái notendastýrða, persónulega aðstoð. Freyja hefur slíka aðstoð sjálf og segir tilkomu NPA hafa breytt öllu. „Núna er ég með aðstoð frá því ég vakna á morgnana þar til ég fer að sofa á kvöldin,” segir Freyja sem hefur sex aðstoðarkonur í vinnu við hin ýmsu störf sem fylgja lífi hennar. „Ef ég á að geta verið ég sjálf þarf ég þessa aðstoð því ég er svo mikið fíðrildi,” segir Freyja hæstánægð. „Með þessu móti get ég lifað tiltölulega sjálfstæðu lífi og verið dóttir foreldra minna, systir bræðra minna, vinkona vinkvenna minna og bara ég sjálf.“

#### Færðu aldrei leið á aðstoðarkonunum þínum?

Kannski ekki leið á þeim sjálfum heldur frekar að hafa alltaf einhvern með mér. Stundum verður það yfirþyrmandi að geta ekki verið alein þegar mig langar. Það getur líka verið óþægilegt að þær heyri allt sem maður er að tala um þó ég treysti þeim alveg. Sumu vill maður bara halda alveg fyrir sig.

#### Hvernig væri hin fullkomna aðstoðarkona að þínu mati?

Hún þarf að reyna að draga sig eins mikið í hlé og hægt er í ákveðnum aðstæðum og virða mörkin. Það er líka mikilvægt að hún skipti sér ekki af minni ákvarðanatöku eða því sem ég er að gera. Aðstoðarkonurnar mínar eru allar ólíkar týpur sem hafa styrkleika á mismunandi sviðum. Þær vita samt allar að þær eru ekki að vinna við að veita mér félagsskap og að þetta er ekki hobbí heldur starf. Í vinnu sem þessari er mjög gott að hafa frumkvæði og þora að takast á við fjölbreyttar aðstæður sem geta myndast, til dæmis þegar ég fer til útlanda eða ferðast um landið.

**Ferðast þú mikið?** Já, ég reyni að fara mikið til útlanda en svo finnst mér líka gaman að ferðast innanlands. Ég fór til dæmis á Hornstrandir í sumar. Ég hélt að ég myndi aldrei komast þangað því aðgengið er nær ómögulegt en pabbi hringdi í Landhelgisgæsluna og ég

mætti á staðinn með þyrlu sem var ótrúleg lífsreynsla. Það var opið út í þyrlunni og ég gat skoðað Hornstrandirnar úr lofti, sem var alveg magnað.

**Hvernig skerðingu býrð þú við?** Þetta heitir beinstökkvi og ég greindist með hann tveimur tímum eftir að ég fæddist. Ég er ekki alveg klár á því hvernig þetta gerist en það skortir einhver prótín í beinin svo þau brotna mjög auðveldlega. Fyrstu árin mín, alveg þar til ég komst á unglingsárin, beinbrotnaði ég oft í mánuði. Ég hef ábyggilega beinbrotnað oftast en hundrað sinnum. Á endanum var ég hætt að fara í gifs því oft brotnaði ég meira þegar verið var að setja mig í gifsið. Vegna þess hve brothætt beinin eru hef ég ekki styrk í að standa sem veldur hreyfihömlun og lágum líkamsvexti mínum. Auðvitað er ekki gaman að upplifa sársaukann við beinbrot oft en á unglingsárunum fór það minnkandi vegna lyfja og þroska. Ég hef ekki brotnað alvarlega í sex eða sjö ár núna sem munar mjög miklu.

#### Hvað varstu gömul þegar þú þurftir að fara í hjólastól?

Ég hef alltaf þurft að nota eitthvað til að komast ferða minna. Beinbrotin voru svo mikil fyrst að ég var fljótt komin í þá

stöðu sem ég er í núna. Þetta hljómar mjög dramatískt og samkvæmt læknisfræðinni er þetta sjaldgæft og alvarlegt en fyrir mér er það ekki. Ég fæddist svona og skerðingin er hluti af mínu normi. Það er svo mikið af fötluðu fólki sem er kennt að vera fatlað og fara í það hlutverk. Foreldrar mínir tóku þá afstöðu að ég væri ekkert öðruvísi og ég er þeim mjög þakklát fyrir það. Ég gleymi því oft í marga daga að ég sé með einhverja skerðingu og þannig vil ég hafa það. Þetta er ekki það fyrsta sem ég hugsa um þegar ég vakna á morgnana.

“Ég man vel eftir einu mesta sjokkinu á þessum árum sem var þegar strákur labbaði upp að mér og sagði við mig: „Ég er alveg skotin í þér þó þú sért svona.”





# hundrað sinnum

**Hvað er hjólastóllinn þinn mörg hestöfl?** Ég er ekki á rafmagnsstól lengi en þetta er agalegur kaggi. Stóllinn minn er orðinn mjög gamall og ég hugsa að hann fari á Þjóðminjasafnið þegar ég fæ nýjan. Hann er samt knúinn af kjarnorkuaðstoðarkonum svo það er kraftur í kvikindinu.

**Var þér strítt þegar þú varst yngri?** Í rauninni ekki. Ég fattaði ekki að ég væri fötluð fyrr en ég var sjö ára. Ég hélt að allir beinbrotnuðu við minnsta átak og talaði mikið um að æfa fótbolta og fá bílpróf eins og ekkert væri. Foreldrar mínir ákváðu líka að taka þessa drauma ekki frá mér með því að segja: „Nei, Freyja mín, þú ert

fötluð.“ Ég komst að því sjálf þegar ég þroskaðist. Í grunnskóla fann ég aðeins fyrir að krakkarnir voru að glápa á mig og ég man vel eftir einu mesta sjokkinu á þessum árum sem var þegar strákur labbaði upp að mér og sagði við mig: „Ég er alveg skotinn í þér þó þú sért svona.“ Þá fór ég að velta þessu öllu mikið fyrir mér en var alveg sama. Ég var frek og algjör trunta og ef ég lenti í einhverri stríðni keyrði ég bara í burtu á rafmagnshjólastólnum mínum og kippti mér ekki mikið upp við það.

**En á unglingsárunum?** Mér fannst erfitt þegar allar stelpurnar byrjuðu að mála sig og klæðast tiskufötum. Þá varð erfitt fyrir mig að finna fót og líkaminn minn mótaðist ekki á sama hátt og hinna stelpnanna. Ég

einangraði mig mikið á þessum árum og fékk ákveðna fordóma gagnvart sjálfri mér.

**Áttu kærasta?** Nei, ekki eins og er. Eftir að ég fékk persónulega aðstoð og upplifi allt það frelsi og sjálfstæði sem því fylgir er ég reyndar ekki æst í að binda mig akkúrat núna en maður veit aldrei hvornig lífið þróast.

**Hvað með barneignir?** Ég get eignast börn en með-gangan gæti orðið krefjandi fyrir mig því ég er með lítinn líkama, beinin eru viðkvæm og bakið ekki sterkt. Konur með mína skerðingu hafa gengið með börn og allt gengið vel en ég veit ekki hvort ég fari þá leið eða ættleiði. Ég hef alltaf ætlað mér að verða mamma svo það kemur að því. Á Íslandi er reyndar ekki löglegt fyrir



fatlað fólk að ættleiða börn, sem ég tel að þurfi að breyta hið snarasta.

**Þú útskrifaðist með BA-gráðu í þroskaþjálfun í vor. Sérð þú fram á að mennta þig meira?** Ég var að byrja í meistaranámi í fötlunarfræðum en held ég þurfi að setja það aðeins á bið þar sem ég er komin í mikla vinnu. Bæði er ég framkvæmdarstjóri NPA miðstöðvarinnar og er að fara á Stjórnlagabing. Það er margt spennandi framundan.

**Af hverju ákvaðst þú að bjóða þig fram til Stjórnlagabings?** Fyrst og fremst vegna þess að þegar ég fór að skoða stjórnarskrána fannst mér mikið vanta upp á réttarstöðu fólksins í landinu og ekki síst ákveðinna minnihlutahópa fatlaðs fólks. Mannréttindakaflinn er aftastur og birtist mér sem ókláraður sem mér finnst mjög óviðeigandi því hann skiptir mestu máli. Ég vil sem sagt berjast fyrir mannréttindum.

**Svo var einhver kona ógeðslega hneyksluð á því að ég taki skot með röri. Á ég bara að hella þessu yfir mig?**

**Hafa stjórnmál alltaf heillað þig?** Nei, alls ekki og ég held ég hafi ekki áhuga á að fara út í pólitík á Íslandi meðan hér ríkir flokksræði. Það er svo mikil trúarbragða- og fótboltaíðastemning í þessu núna sem ég fli ekki.

**Hefur þú æft einhverjar íþróttir?** Ég æfði sund í svona þrjá klukkutíma. Ég fór þarna til að keppa og sigra en viðhorfið í íþróttum fatlaðs fólks er oft bara „að allir séu með“ og ég skynjaði það strax. Þetta er þó ekki algilt því við eigum mikið af fötluðum afreksíþróttamönnum hér á Íslandi en ég fattaði það ekkert þá.

**Hvernig heldur þú þér í formi?** Ég fer í sund nokkrum sinnum í viku sem er æðislegt bæði líkamlega og andlega. Þar er minni hætta á að ég brotni þó ég taki aðeins á.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?** Ég er frekar mikill lúði hvað tónlist varðar því ég er löt að finna mér nýja tónlist til að hlusta á. Mér finnst samt rosalega þægilegt að hlusta á tónlist til að slaka á og þá koma David Gray, Damien Rice, Sarah McLachlan og Hera sterk inn. Ég er meira gefin fyrir bækur.

**Hvernig bækur lestu helst?** Mér finnst ótrúlega gaman að lesa um fólk, er svona ævisögusökker. Það er gaman að sjá hvernig fólk lifir sínu lífi, hugsar og kemur sér áfram. Svo er líka gott að grípa í góða spennusögu af og til. Mesta hvíldin sem ég fæ er þegar ég gleymi mér í lestri og fer inn í annan heim.

**Lestu sjálf?** Já, ég er með bókastand sem ég get notað sjálf. Það þarf aðeins að þjósnastrá á bókunum fyrst svo það sé ekki stíft að fletta þeim. Ég er því algjör böðull á bækur.

**Hvernig týpa varstu í menntaskóla?** Ég var nördastelpan enda er ég mikil námskona og finnst ótrúlega gaman að læra. Fyrst um sinn var ég að ná áttum og koma mér upp úr að finnast allt ómögulegt en svo fór ég að taka meiri þátt í félagslífinu þegar leið á skólann og fór að djamma eins og fólk gerir á þessum árum.

**Ferðu mikið út á lífið?** Ekki lengur, því ég verð fyrir ótrúlegu áreiti frá fullu fólki í miðbænum. Einu sinni fannst mér þetta mjög fyndið en ég er komin með leið á bullinu núna.

**Hvernig birtist áreitið?** Fólk er mikið að vorkenna mér og segja hvað ég sé dugleg að vera komin út á lífið. Oft fæ ég yfir mig heilu sjálfsævisögurnar frá eldra fólki sem vill láta vorkenna sér. Svo var einhver kona ógeðslega hneyksluð á því að ég taki skot með röri. Á ég bara að hella þessu yfir mig? Eldra fólk er miklu verra í þessari vitleysu og það vitlausasta sem ég hef lent í var þegar kona á miðjum aldri kom og blessaði mig tólf sinnum á einu kvöldi. Auðvitað getur samt verið gaman að rugla í fólki sem kemur með fáránlegar spurningar og stundum lýg ég bara að því. Ég var einu sinni spurð hvernig ég kæmist alla leið á djammíð og ég sagðist bara hringja á sjúkrahúsi í hvert skipti, ekkert mál.

**Þú hefur skrifað um að skilningur barna á skerðingu þinni sé einlægari en hjá fullorðnum. Af hverju heldur þú að það sé?** Börn eru ótrúlega

**Ég æfði sund í svona þrjá klukkutíma. Ég fór þarna til að keppa og sigra en viðhorfið í íþróttum fatlaðs fólks er oft bara „að allir séu með“ og ég skynjaði það strax.**

## HRADASPURNINGAR

**Heitasti karlmaður í heimi?** Ég fæ ekki nóg af Patrick Dempsey þessa dagana.

**Besta leikkonan?** Sandra Bullock, ég trúi henni alltaf.

**Besta kvikmynd allra tíma?** The Boy in the Striped Pyjamas og Babies koma fyrst upp í hugann.

**Uppáhaldsmatur?** Allt sem amma býr til og auðvitað jólamaturinn á aðfangadagskvöld.

**Fallegasti staður á Íslandi?** Ég verð að segja Hornstrandir.

**Besta nammíð?** M&M. Bæði venjulegt og peanut butter kalóriusprengr.

**Besta fjölskylduspil allra tíma?** Það er án efa Party & co.

**Fyrirmynd í lífinu?** Randy Graise og Martin Luther King Jr.



mögnað. Sumum börnum finnst skrítíð að sjá mig í fyrsta skipti og spyrja mig spjörunum úr án þess að ritskoða eitt né neitt. Eftir það finnst þeim þetta allt ósköp eðlilegt og málið er afgreitt. Þau fatta líka allt miklu fyrr en fullorðnir og koma og biðja mig um að reima skóna sína þó þau viti alveg að aðstoðarkonan geri það. Mér finnst líka mjög áhugavert að sum börn taka ekki eftir því að ég sé fötluð. Til dæmis bannaði litla frænka mín mér að leggja í stæði fyrir fatlað fólk um daginn. Börn eru tærari í hugsun og ekki búíð að eyðileggja þau alveg. Fullorðið fólk er snillingar í að hafa slæm áhrif á börn.

**Það má einnig lesa mikið um hvernig fólk hegðar sér undarlega í kringum þig í greinum þínum.**

**Hvernig hegðun fer mest í taugarnar á þér?** Það særir mig mest þegar fólk vorkennir mér. Auðvitað er leiðinlegt þegar fólk glápir á mig eða talar við mig eins og ég sé smákrakki en ég umber það betur. Um daginn lenti ég í því að kona gekk upp að mér og sagði við mig: „Voðalega ertu veik.“ Ég neitaði því að sjálfsögðu en hún sagði strax aftur: „Jú, þú ert rosalega veik.“ Ég sagði að mér liði mjög vel en hún tók ekki sönsum. Þegar fólk segir svona við mig finnst mér að skilaboðin séu annaðhvort að mitt líf sé minna virði en önnur eða að það væri betra hefði ég ekki fæðst. Ég er þakklát fyrir mína skerðingu og finnst hún skemmtileg. Umhverfið er meira pirrandi en skerðingin sjálf. Við höfum lært að lifa saman, ég og skerðingin, og ég get ekki hugsað mér að vera án hennar. Þetta er bara eins og að segja við fólk: „Hræðilegt að þú sért dökkhærð.“



# Líka með jólamyndum



Litríkt bíónammi

„Tiskan er eins og arkitektúr, hún snýst um hlutföll.“ - Coco Chanel.

MINIMAL FÆST Í BÚÐINI  
KIOSK Á LAUGAVEGINUM

# Minimal komin frá Mumbai

Fatahönnuðurinn **Yr** með fallega fatalínu



Yr Þrastardóttir er upprennandi fatahönnuður sem útskrifaðist úr fatahönnun frá Listaháskólanum í vor. Eftir útskriftarsýninguna stofnaði hún fatamerkið YR og hóf framleiðslu á fatalínu sinni í Indlandi. „Ég fékk ótrúlega góð viðbrögð á sýningunni og í kjölfarið fékk ég margar fyrirspurnir um hvar væri hægt að nálgast vörurnar. Ég tók því ákvörðun um að hefja framleiðslu á fatalínunni,“ segir Yr. Fatalínan er nú komin til landsins og er hún hluti af útskriftarverkefni hennar í bland við nýja stíla sem samanstendur af jökkum, skyrtum, buxum, bolum og samfestingum. „Fatalínan heitir minimal, bæði vegna þess að þetta er í raun minnsta mögulega upplag sem hægt er að panta frá framleiðanda og líka vegna þess að stærðirnar á fötunum eru frekar litlar.“ Yr mun halda opnun fyrir fatalínuna á morgun, föstudaginn 17. desember kl. 20.00 í búðinni KIOSK á Laugavegi og mun DJ Kári halda uppi gleðinni.

Listakonan **Harpa Einarsdóttir** mun einnig vera með opnun á myndlistasýningu sinni **Sculls and Halos** í Kiosk á föstudaginn. Um að gera að skella sér þangað!



MINIMAL LÍNAN SAMANSTENDUR AF FJÖLBREYTTUM FÖTUM

Meiri jól,  
meiri jól,  
meiri jól



Nokia X3


Punnur og léttur sími með bæði hefðbundnu lykklaborði og snertiskjá. Farsímminn er með 5 megapixla myndavél, styður WiFi og honum fylgja auðveld forrit fyrir Facebook og MSN.

**0 kr. útborgun**

og 2.499 kr. á mán. í 12 mán.  
Netið í símann, 100 MB,  
fylgir með í 1 mánuð.

Staðgreitt: 29.990 kr.

Partý Alias  
spilið fylgir á  
meðan birgðir  
endast



LG Optimus One

Glæsilegur Google sími með Android 2,2 stýrikerfi, íslensku valmyndakerfi og snertiskjá. Farsímminn er með 3,15 megapixla myndavél og býður upp á flýtleiðir á vefsamfélög eins og Facebook. Með símanum fylgja mánaðaráskrift að Tónlist.is og platan Best of Bang Gang.

**0 kr. útborgun**

og 4.166 kr. á mán. í 12 mán.  
Netið í símann, 100 MB,  
fylgir með í 1 mánuð.

Staðgreitt: 49.990 kr.

Partý Alias  
spilið fylgir á  
meðan birgðir  
endast

power to you

vodafone.is

Við afborgunarverð á farsímum bættist við 250 kr. greiðslugjald á mánuði.

**TJARNARBIÓ**

Útgáfutónleikar **18. NÓV.**  
**Sigríður Guðnadóttir**

Útgáfutónl. **19./20. NÓV.**  
**Hjaltalín**

Útgáfutónl. **21. NÓV.**  
**Sirkus Sóley**  
Sirkus Island

SUNNUDAGAR  
ERU FRIÐ-  
ERKJÓLDAGAR  
**21./23./24. NÓV.**  
**Mojito**  
Nýtt leikverk eftir Jón Atla

NÆSTA VÍKA:  
Uppistand í Tjörninni 25. nóv  
Bedroom community 26. nóv

Mibásalan er opin virka daga frá kl. 13-15  
Sími: 527 2100  
www.tjarnarbio.is

TJARNARBIÓ  
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

prófaðu **LIFE IS BEAUTIFUL**

Sælgætiskaka **Kr. 790.-**

Grillhúsið

mbi | SJÓNVARP

ENN FLEIRI ÁSTÆÐUR TIL ÞESS AÐ FARA INN Á MBL.IS



Tónlistarstund

ARNAR EGGERT THORODDSEN FJALLAR UM TÓNLISTINA



Nilli

PRÚÐI PILTURINN NILLI HITTIR FRÆGA FÓLKID



Fyrstu Skrefin

PÁTTUR PAR SEM BIRGITTA HAUKDAL FJALLAR UM BÖRN OG UPPELDI



HLJÓMUR

ÍSLENSKIR TÓNLISTARMENN FLYTJA LÖG SÍN Í NÝJUM BÚNINGI



Vöröld  
VÖLU GRAND

VALA GRAND GALOPNAR DYRNAR INN Í LÍF SITT



ROK & RULLUR

TÍSKAN, TÓNLISTIN OG ALLT HITT SEM SKIPTIR MÁLI!

NÝIR ÞÆTTIR DAGLEGA - MBL.IS



**XMAS 2010**  
Sódóma Reykjavík  
Föstudaginn kl. 20:00

## Jólin koma ekki án X-mas

„Öll þekktustu rokkbönd Íslands koma og spila jólalög,“ segir Frosti Logason, útvarpsmaður á X-inu og rokkari með meiru, en nú er komið að hinum árlegu X-mas tónleikum útvarpsstöðvarinnar X-ins 97.7. Fimmtán hljómsveitir stíga á stökk þetta árið en það eru sveitirnar Dikta, Endless Dark, Ensími, Cliff Clavin, Agent Fresco, XIII, Bloodgroup, 59's, Jónas Sigurðsson og ritvélarmannframtíðarinnar, Sing For Me Sandra, Hoffman, Bárujárn, Króna, Noise og High Class Monkey. Miði á tónleikana kostar 977 krónur í stíl við bylgjulengd X-ins og rennur allur ágóði til Stígamóta. „Fólk vill oft borga meira fyrir miðann til að styrkja gott málefni,“ segir Frosti og bætir við að margir komi ár eftir ár á X-mas til að komast í jólaskapið. „Það má segja að fyrir sumum koma jólin ekki fyrr en á X-mas.“

# fílófaxið

fimmtudagur **16** des

laugardagur **18** des

### GLERAUGU

Bíó Paradís  
**14:30** Stuttmyndin Gleraugu eftir Fannar Sveinsson frumsýnd.

### ÓLAFUR ARNALDS OG FOR A MINOR REFLECTION

Tjarnarbíó  
**21:00** Bæði Ólafur Arnalds og hljómsveitin For A Minor Reflection hafa notið mikilla vinsælda og ætla að tjalda öllu til á tónleikunum. Miðaverð er 1.500 kr.

### STEVE BRODSKY ÚR CAVE IN

Sódóma Reykjavík  
**21:00** Söngvarinn og gítarleikarinn Steve Brodsky úr hljómsveitinni Cave In er sagður ætla að sýna á sér margvíslegar hljóðir í þetta skiptið. Hann mun flytja lög af plötum Cave In ásamt því að spila slagara af sólóferli sínum fyrir tónleikagesti. Miðaverð er 1.000 kr.

### PRÓFLOKADJAMM MEÐ GYLFA ÆGIS

Faktorý  
**21:00** Meistarinn spilar öll sín þekktustu lög fyrir tónleikagesti til að fagna próflokum. Miðaverð er 1.000 kr.

föstudagur **17** des

### JÓLAHAZAR KIMI RECORDS

Bakkus  
**21:00** Hljómsveitir sem koma fram á tónleikunum hafa allar gefið út efni árinu hjá útgáfunni. Hellingur af tónlist og frítt inn!

### JÓLAGILL FORGOTTEN LORES OG 7BERG

Faktorý  
**22:00** Forgotten Lores og 7berg verða með tryllta típu að eigin sögn á efri hæð Faktorý, hvað sem það nú þýðir. Miðaverð er 1.000 kr. og verður aðeins tekið við reiðufé.



### ÚTGÁFUTÓNLEIKAR ORPHIC OXTRA

Faktorý  
**22:00** Balkansveitin Orphic Oxtra fagnar fyrstu breiðskífu sinni með látum. Hljómsveitinar Hyrrokinn og Sudden Weather Change hita upp. Miðaverð er 1.000 kr.



### PÁLL ÓSKAR GORDJÖSS

Nasa  
**23:30** Páll Óskar þeytir skífum og spilar öll helstu lög sín. Sérstakir gestir verða bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónsson svo þarna verða þrjú sætustu strákarnir í bransanum eins og Páll orðar það sjálfur. Hann biður fólk að taka ömmu sína með á þetta glæsilega próflokadjamm. Miðaverð er 1.500 kr. í forsólu og 2.000 kr. við innganginn.



### STÓNS

Sódóma  
**23:00** Laugardaginn 18. desember árið 1943 fæddist Keith Richards og af því tilefni verða tónleikar til heiðurs The Rolling Stones haldnir. Stóns mun leika alla helstu slagara rokkgoðanna og ekkert verður gefið eftir. Miðaverð er 1.500 kr.

# LOKAPRÓFIÐ

| 16. desember 2010 |



Ég heiti Ásgeir Kolbeinsson Ég dýrka Son minn ♥♥♥

Þú veist hver ég er af því að

Þú hefur líklega séð mig í sjónvarpinu eða heyrð mér í útvarpinu.

Mér finnst skemmtilegast að

- a) Vera í útvarpinu
- b) Vera í sjónvarpinu
- c) Vera á FlickMyLife.com
- d) Vera á Austur
- e) Vera í sálfræðinni

Af því að þú er svo fróbert nám

Mig vantar sárlega meiri tíma

en ég þyrfti að losa mig við allt sem tekur þessa tíma



Ef ég mætti velja mér gæludýr yrði það

- a) Síberíutígur
- b) Japanskur skrautfiskur
- c) Kanína
- d) Hárlaus köttur
- e) Dvergsvín og fengi nafnið

Yogo

Uppáhaldsmaturinn minn er

Nautakjöt  
en ég borða alls ekki lauk  
samt övæg hvíttauk

Heitasta gella í heimi er

- a) Paris Hilton
  - b) Ásdís Rán
  - c) Tobba Marinós
  - d) Beyoncé Knowles
  - e) Angelina Jolie
- Því hún er svo allur þakinn

Ekki spyrja mig um Fótbolta en ég er sérfræðingur í af grilla og gera sushi

Ef ég væri ekki Ásgeir Kolbeins myndi ég helst vilja vera

- a) Geiri Goldfinger
- b) (Ás)Geir Ólaf
- c) Ásgerður Kolbeins
- d) Kolbeinn kaftinn úr Tinnabókunum
- e) Bandhi

Af því að speki hans er svo mögnuf



en ég þoli ekki leifinlegt fólk!

Af eftirfarandi hrædist ég mest

- a) Ljós.
- b) Lamadýr.
- c) Loftskip. Hver gerir þaf ekki
- d) Lyftur.
- e) Lýsi.

Minn helsti kostur er Hvat ég er þranskur vinur!

og minn helsti galli er stundvísir

Þegar ég var lítill dreyndi mig um að verða

- a) Læknir
- b) Flugmaður
- c) Frægur
- d) Ríkur
- e) \_\_\_\_\_



sem er fyndið af því að þaf er bara ekkert fyndið!!!

Síðasta sms sem ég fékk var frá Sólva vini minum og í því stóð þú gott, en ég er enn í \$losti.

Núna langar mig mest að

- a) Borða eitthvað. STRAX
- b) Brjóta eitthvað.
- c) Bulla eitthvað.
- d) Brenna eitthvað.
- e) Borga eitthvað.

Það sem fáir vita um mig er Vita ekki allir allt um mig!

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Be the change that you want to see in the world.  
Bandhi Quote

## Síðast en ekki síst

» **Kidda**, *Minore-skinka, fílar:*

**Kvikmynd American History X** og **Shawshank Redemption** eru báðar einar af mínum uppáhaldsmyndum. Love them!




**Vefur** Er búin að hugsa mikið um framtíðina þessar síðustu vikur og þæla í stjörnumerkjunum og svona svo að ég er mikið búin að fara á síðuna [www.stjornuspeki.is](http://www.stjornuspeki.is), svo fer ég daglega á YouTube.



**Þáttur The Pacific** eru geðveikir þættir sem ég horfði á um daginn. Fjalla um þrjá bandaríska sjóliða í seinni heimstyrjöldinni. Frábærlega vel gerðir þættir.



**Bók** Er algjör bókaormur en ég held að ef ég eigi að mæla með einni þá verði það að vera **Eat, pray, love**. Mögnuð saga!



**Plata** Er nýbúin að detta niðrá nýjustu plötuna með **Kings of Leon**, **Comes Around Sundown** og ég verð að mæla með henni, hún heillar mig.



**Staður**

**Svarta kaffi** er einn af mínum uppáhaldsstöðum núna. Ég og betri helmingurinn minn hún Erna Dís förum oft þangað og fáum súpu í brauði, spjöllum, horfum á mannlíf á Laugaveginum og ræðum framtíð Minore.



# GÓÐAR GJAFIR UM JÓLIN

Ray-Ban®



OAKLEY

Ray-Ban®



Ray-Ban®



OAKLEY

Ray-Ban®



Ray-Ban®



OAKLEY

Ray-Ban®



Ray-Ban®



OAKLEY

Ray-Ban®



Samsung GALAXY 5



### Jólakaupauki

Flottur hátalari fylgir GSM tilboði á meðan birgðir endast.



# Vertu með „Four-square“ í símanum

## Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x3.325 kr.\*

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL og Quad-band með WiFi og GPS.

Jólaíneign 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fylgir.

### Netáskrift:

Verð:

Innifalið:

Umframnotkun:

### Mega1

490 kr.

100 MB

Nýr dagpakki

### Mega2

890 kr.

500 MB

Nýr dagpakki

Hey, hvar fæ ég MegaÁfyllingu?

Farðu inn á GSM áfyllingu efst á ring.is, veldu eina góða MegaÁfyllingu undir Áfylling og byrjaðu að leika þér á netinu.

\*Dreifingargjald 250 kr. á mánuði.

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ